

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Síðugrunni.

1. gr.

Frá kl. 15.00 þann 26. apríl 1997 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°21,00 N - 17°36,00 V | 3. 63°19,00 N - 17°00,00 V |
| 2. 63°26,80 N - 17°00,00 V | 4. 63°15,00 N - 17°36,00 V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1996, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

1. apríl 1997

Nr. 264

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi fyrir flugstöðvarsvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur utanríkisráðuneytið staðfest 25. mars 1997 deiliskipulag fyrir flugstöðvarsvæðið á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki varamálaskrifstofu utanríkisráðuneytis liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Utanríkisráðuneytinu, 1. apríl 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.